

Nr. 46/1908:

Jón Jörundsson  
og  
Marino Hafstein

### Úrskurður:

Umboðsmaður sækjanda í máli þessu, sem höfðað er fyrir landsyfirdóminum samkvæmt 11. gr. tilskipunar 11. júlí 1800 á hendur stefnda fyrir réttarsynjun, hefir farið fram á, að sér verði veittur 6 mánaða frestur til að láta staðfesta með vitnaleiðslu nokkur vottorð, er hann hefir lagt fram, en umboðsmaður stefnda mótmælt, en til vara, að sér verði veittur 1—2 vikna frestur til andsvara í málinu, og hafa málsaðilar lagt þennan ágreining undir úrskurð réttarins.

Með því að það verður eigi séð af skjölum þeim, sem fram eru lögð fyrir yfirdóminum, að áminst vottorð, þó að þau væru staðfest fyrir rétti, geti ráðið neinu um úrslit þessa máls, verður hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu ekki veittur, en sækjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.

### Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu verður eigi veittur, en sækjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.